

Mikilvægast er að geta umgengist annað fólk

Goðsögnin Otto Rehhagel (71) í glerfínunum jakkafötum, með Rune Bratseth sem þýðanda og Jan Åge Fjørtoft sem spyril, var einn af hápunktum Bikarráðstefnunnar Norsku.

UBC salurinn á Ullevi var þéttsetinn námskeiðsfólki sem skemmti sér í 50 mínútur við að hlusta á og fylgjast með þremur sterkum persónuleikum úr knattspyrnuheiminum tala saman á þýsku og norsku. Ferilskrá Otto Rehhagel er glæsileg og segir meira en mörg orð. Við getum öll flett upp í tölfraeðiheftunum og séð hvaða árangri Rehhagel hefur náð sem knattspyrnuþjálfari en það sem námskeiðsfólkið fékk að heyra og upplifa, var hvernig og hvers vegna ferillinn hefur verið svo glæsilegur, myndskreytt með skemmtilegum sögum og glampa í augum.

Erfiðasta starf í heimi

– Að vera knattspyrnuþjálfari er erfiðasta starf í heimi, sagði Otto Rehhagel.
– Á hverjum degi hittir þú fólk sem segist geta unnið starf þitt betur en þú, og það eru tugþúsundir í áhorfendastæðunum um hverja helgi sem segja það sama. Þá er það mikilvægt að þú vitir hvað þú ert að gera.

Hann hélt áfram:

– Það er auðvelt að koma sem ungur þjálfari beint af þjálfaranámskeiðinu og þykjast geta allt. En það mikilvægasta í starfi þjálfarans er að kunna að umgangast manneskjur, sama í hverju eða hvar það er í fótboltanum. Það er eins með annað í lífinu. Þennan hluta starfsins hef ég tekið alvarlegast sem þjálfari. Ég hef alltaf viljað eiga náið samband við leikmenn mína. Ég hef reynt að ná til hjarta þeirra, sérstaklega útlensku leikmannanna í félagsliðunum. Þetta kostar svo lítið, þetta snýst aðeins um vináttu sagði Rehhagel.

Sterkur grunnur

Þroska- og uppvaxtarár hans í Ruhr héraðinu á tímum Seinni Heimsstyrjaldarinnar gaf honum bæði þann grunn og lífsreynslu sem hefur mótað hann bæði sem þjálfara og manneskju.

Og einnig sem leikmann því Rehhagel var góður knattspyrnumaður þótt að við munum alltaf minnst hans fyrir bikarana sem hann vann sem þjálfari.

Gamaldags

Nú vildi Jan Åge Fjørtoft heyra útskýringar Rehhagel á þeirri gagnrýni að hann láti lið sín spila gamaladags fótbolta.

– Hvar stendur það hvernig EIGI að spila fótbolta? spurði Rehhagel samstundis á móti.

– Ég ræði það við leikmennina mína hvernig eigi að spila fótbolta, ekki fræðimennina. Hvaða leikmönnum hef ég yfir að ráða? Hvaða möguleika hef ég? Hvernig fæ ég það

besta út úr liðinu? Og hvernig get ég unnið lið andstæðingsins sem fyrirfram er talið sterkara en liðið mitt? Þetta eru lykilsurningarnar.

– Ég get spilað “nú tímalegan” fótbolta og verið undir 0-3 eftir 15 mínútur ef úrslitin skipta ekki máli en þannig er það bara alls ekki.

Vegna þess að það er sama hvernig þú spilar, niðurstaðan er alltaf þessi: Boltinn þarf að enda í markinu!

Sóknarleikur undir eftirliti

Leikstíll Rehhagel hefur oft fengið stimpilinn “agaður stýrður sóknarleikur”. Það líkar honum mjög vel.

– Þetta er eins og í lifinu sjálfu. Þú verður að stýra, hafa eftirlit með öllu. Það þýðir ekki að sækja eins og höfðlaus her, heldur vita að varnarleikurinn skiptir líka máli. Þetta snýst um að vera fyrirfram undirbúinn því að verja sig, sagði Rehhagel og hélt áfram:

– Ég er ekki heldur upptekinn af talnaleyk, hvort sem þú kallar það 4-4-2, 4-3-3 eða eitthvað annað. Í úrslitaleiknum á EM gegn Portúgal spiluðum við með fjóra varnarmenn gegn þremur framherjum Portúgala. Það var kallað gamaldags, en það var nútímalegt – við unnum! Enginn af þeim sem gagnrýndu mig voru á leikmannafundinum og sáu skipulag mitt fyrir leikinn.

– Ég hef alltaf beitt kímigáfu minni í vinnunni, en þegar maður sér hvernig fjölmiðlar eru farnir að haga sér hef ég farið mun varlegar en áður. Ég segi aldrei neitt um aðra þjálfara, óska þeim einungis góðs gengis. Þetta er spurning um virðingu. Við vitum öll hvaða starf hver þjálfari þarf að vinna. Þetta snýst um að einbeita sér að sínu eigin – við eigum flest alveg nóg með það.

Eldfjallið

Otto Rehhagel er einnig þekktur sem “Eldfjallið” á bekknum, þar sem innlifun hans í leikinn jaðrar við eldgos. Þetta hefur gert hann fjölmiðlavænan, hann segist þó sjálfur hafa róast mikið.

– Ég var oft stjörnuvitlaus á bekknum. Stundum þurfti ég að spyrja aðstoðarþjálfarann minn hvað hefði gerst á bekknum í seinasta leik, og biðja hann svo í framhaldi að segja leikmönnum sem ég rak að þeir fengu starfið sitt aftur, segir goðsögnin og hlær.

– Hlutirnir breytast með reynslunni. Maður þarf að lesa stöðuna, vera klókur, sjá og viðurkenna það sem er í gangi og synda ekki gegn straumnum. Þetta snýst um að hafa loftnetið úti og sofa eins og refur – með annað augað opið. Vera vakandi og tilbúinn. Ég tel einnig að það sé mikilvægt að það sé ekki litið á það sem vandamál vandamál að sýna veikleikamerki. Gerðu það sem þú telur réttast. Sem þjálfari þarftu alltaf að vera að taka ákvarðanir – líka þær óvinsælu.

Rehhagel hélt áfram og sagði okkur hvers vegna, eftir 14 ára nær samfellda sigurgöngu sem þjálfari Werder Bremen, hann fór til Bayern München og seinna Kaiserslautern, og hvernig hans upplifun var á þeim störfum.

– Það voru margir sem ráðlögðu mér að fara ekki til Bayern en allt hefur sinn líftíma. Lífið er stutt og það er mikilvægt að halda áfram og upplifa nýja hluti. Það var mikil

lífsreynsla að ganga í gegnum þennan tíma hjá Bayern og Kaiserslautern sagði Rehhagel . Hjá Bayern þurfti ég að svara fréttamönnum strax eftir hverja einustu æfingu á æfingasvæðinu, hjá Bremen komu þeir einu sinni í viku !

Undrið Grikkland

Að lokum vildi Fjörtoft vita hvernig Rehhagel tókst að gera Grikki að Evrópumeisturum 2004 : Hvernig gat það verið mögulegt ?

– Það mikilvægasta var að við vissum að við vorum með gott lið, en það var bara enginn annar sem vissi það.

Rehhagel hafði úr mörgum góðum leikmönnum að velja, setti saman lið sem spilaði og vann vel saman og sló meðal annars Spánverja út í undankeppninni í leik í Zaragossa. Gott jafnvægi var á liðinu og það þróaðist í þá átt sem Þjóðverjinn vildi.

– Fyrir opunarleikinn gegn Portúgal sagði Ronaldo að hann þekkti engan í Gríska liðinu. Ég er viss um að hann vissi hver Zeitaridis var eftir leikinn.

– Það gekk hreinlega allt upp hjá okkur en að sama skapi er það ekki tilviljun að lið vinnur meistaratitla. Gæðin verða að vera til staðar. Sem þjálfari geturðu ekki gert stóra hluti ef þú hefur enga gæðaleikmenn í hópnum, en við höfðum gæðaleikmenn, segir Rehhagel og leggur ekki dul á það að vera talinn minnimáttar gerði hópinn enn einbeittari en ella í að ná árangri en það bjuggust allir við því að við myndum fara heim eftir tvo leiki – og framkoman við okkur var í líkingu við væntingarnar.

Grikkland fékk lélegustu hótelin, þurftu að ferðast lengst og fengu lökustu æfingaaðstöðuna. Þess vegna veitti það Grikkjunum mikla ánægju þegar þeir fluttu inn í hótél Ítalana eftir að þeir duttu út úr EM.

– Ítalía hafði með sér 100 aðstoðarmenn. Við vorum fjórir, þannig að við fengum nóg pláss. Þetta er hlutur sem þú upplifir bara einu sinni um ævina og við vorum duglegir að minna okkur á það. Við vildum ekki vera sáttir með að vera komnir upp úr riðlinum, heldur nýta okkur þá möguleika sem buðust við það. Það var það sem gerðist. Við vorum einbeittir, spenntir, en ekki yfirspenntir, og við vorum með sóknarleikinn “undir eftirliti”.

Bratseth um Rehhagel

– Hann var um margt líkur Nils Arne Eggen, þótt hann hafi ekki skipt sér af öllum hlutum, sagði Rune Bratseth í lýsingu sinni af Otto Rehhagel sem þjálfara Werder Bremen.

Bratseth hrósaði Rehhagel mikið fyrir að skapa góða umgjörð um leikmenn og að fá það besta út úr fólki.

– Æfingavikan var alveg eins viku frá viku. Við vissum nákvæmlega hvað myndi gerast á æfingum. Það var skemmtun, gleði, öryggi og mikill fótbolti spilaður.

– Við höfðum ótrúlega gaman. Ég get lagt höndina á hjartað og fullyrt að mig hlakkaði til þess hvern einasta dag að fara á æfingu í átta ár, sagði þessi fyrrum leikmaður Werder Bremen og fyrirliði Norska landsliðsins.

Það var tilviljun sem réði því að hann fór til Bremen, en Bratseth fékk fljótt mikla viðurkenningu og virðingu frá þjálfaranum. Sú virðing var endurgöldin.

– Rehhagel keypti aldrei nöfn. Hann keypti eiginleika og hann var virkilega klókur að finna réttu leikmennina sagði Rune Bratseth.

Ferilskrá

OTTO REHHAGEL

Fæddur: 9. ágúst 1938

Félög sem leikmaður: Rot-Weiss Essen, Herta BSC, Kaiserslautern.

Félög sem þjálfari: Saarbrücken, Kickers Offenbach, Werder Bremen, Borussia Dortmund, Arminia Bielefeld, Fortuna Düsseldorf, Bayern München, Kaiserslautern og núverandi landsliðsþjálfari Grikkja.

Sigrar sem þjálfari: Evrópumeistari með Grikki 2004, 3 Þýskir meistaratitlar

Bundesliga, 5 sinnum í öðru sæti Bundesligunnar, 3svar sinnum þýskur bikarmeistari, 2 Evrópumeistarar bikarhafa, einu sinni meistari í 2. Bundesligunni.



Á sviðinu: Þýðandinn Rune Bratseth, þjálfaragoðsögnin Otto Rehhagel og spyrillinn Jan Åge Fjørtoft.